— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* sölu á kirkjujörð. — Samkvæmt tillögum ráðgjafans, eptir að hann hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 26. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt í dag að fallast á, að hálflenda sú af jörðinni Bálkastöðum í Miðfirði í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, er liggur undir Staðarprestakall í Hrútafirði, verði seld Jóhannesi bónda Zakaríassyni að jarðakaupum fyrir $^2/_3$ úr jörðinni Brandagili í Staðarhreppi, þannig að hin fyrnefnda jörð verði skoðuð sem bœndaeign en hin síðarnefnda sem kirkjujörð. **127** 29. júlí

Þetta er hjer með tjáð yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu um* niðurjöfnun fjallskila. — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmaður, um fyrirspurn sýslumannsins í Húnavatnssýslu, hvort sýslunefndin sje bær um að fella úr gildi eða breyta ákvörðun hreppsnefndar um það, hversu mikil eða hvernig löguð fjallskil einhverjum beri að gjöra, þegar slíkt sje kært fyrir sýslunefndinni, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum það, er nú segir. **128** 29. júlí.

Um það, hvernig fjallskilum skuli niðurjafnað á hina einstöku bœndur, er engin ákvörðun í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, og virðist löggjafinn hafa gengið út frá því, að ítarlegar reglur þar um yrðu settar fyrir hvert hjerað í reglugjörðum þeim um fjallskil o. fl., er semja skal samkvæmt 39. gr. tjeðrar tilskipunar. Hafi það nú ekki verið gjört, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að sýslunefndin samkvæmt þessari grein, og með því að henni ber almenn umsjón með gjörðum hreppsnefndarinnar (sjá 38. gr. tilsk. 4. maí 1872) taki til úrskurðar umkvartanir út af fjallskilum, og verður þá meðfram að hafa tillit til þess, sem fyrirskipað er í 19. gr. tilsk. 4. maí 1872 eða nú í 1. gr. laga 9. jan. 1880 um hina almennu niðurjöfnun sveitargjalda. Umkvörtun út af fjallskilum verður því fyrst að úrskurðast af hreppsnefndinni í heild sinni og síðan af sýslunefndinni; en enginn getur með því að áfrýja úrskurði hreppsnefndarinnar komizt hjá að framkvæma í bráð skylduverk það, sem á hann er lagt.

— *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til Markúsar skipstjóra Bjarnasonar um* námsstyrk. — Markúsi var veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 15. grein fjárlaganna, til að taka stýrimannspróf við sjófræðisskóla í Danmörku. **129** 21. ágúst.

— *Ágrip af brjefi* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* námsstyrk. — Samkvæmt tillögum amtmanns var Eggerti Finnssyni frá Meðalfelli í Kjós veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna til að nema búfræði á skóla í Noregi. **130** 24. ágúst.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* laun setts embættismanns. — Í þóknanlegu brjefi frá 24. júní síðast liðnum hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að yfirskoðunarmennirnir hafi fundið það að landsreikningnum 1878, að fyrverandi sýslumanni í Árnessýslu Þ. Jónssyni, er lausn fjekk frá embætti sínu 6. **131** 26. ágústi.

LEIÐRJETTING. Bls. 72 l. 32. að ofan: „almennum mannfundi“ les almennum mannfundi undir berum himni.

Hinn 14. október 1880.

Reykjavík, 1880. Einar Þórðarson.